

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði, fimmtudaginn 10. apríl kl. 20:00. Fundur nr. 737.

Mætt eru: Bjarnveig, Guðrún, Þorgerður, Einar, Þorsteinn, Edda  
Boðuð forföll: Sigurður, Sigrún

1. Fundur settur kl. 20:05. Formaður setur fundinn.
2. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin skoðast samþykkt.
3. Innsend bréf
  - a. Bréf dagsett 3. apríl; Skotíþróttasamband Íslands, þingboð. Þingið haldið laugardaginn 10. maí 2014. Lagt fram til kynningar, enginn fulltrúi frá UMSE mun sækja þingið.
  - b. Bréf dagsett 4. apríl, ÍSÍ, skil á Felix 15. apríl. Lagt fram til kynningar. Áminning um starfsskýrsluskil hefur verið send út á aðildarfélögin.
  - c. Bréf dagsett 7. apríl, FRÍ; Frjálsíþróttapeing verður haldið í september. Halda átti þingið á Akureyri í mars en því varð að fresta vegna ófærðar. Lagt fram til kynningar.
  - d. Bréf dagsett 7. apríl; Íslenskar getraunir, greiðslur frá íslenskum getraunum til héraðssambanda vegna sölu 2013. Beðið um upplýsingar frá héraðssamböndum varðandi það í hvað getraunafé er notað. Lagt fram til kynningar.
  - e. Bréf dagsett 9. apríl; UMFÍ boðar til vorfundar 10. maí í Grindavík. Þorsteinn reiknar með að fara. Stjórnarmenn beðnir um að kanna hvort einhver þeirra geti farið á fundinn.
  - f. Bréf dagsett 10. apríl, í tilefni af 25 ára afmæli Kvennahlaups Íslands. Hvatning til sveitarfélaga/íþróttafélaga/áhugasamra einstaklinga til þess að stofna göngu- og /eða skokkhóp eða senda inn upplýsingar um starfandi hópa. Lagt fram til kynningar.
4. Ársþing, þinggerð. Það á eftir að fara yfir og sameina í eitt skjal það sem ritaraerar þingsins skrifuðu niður. Þinggerð frestað til næsta fundar.
5. Skipan framkvæmdastjórnar. Lagt til að formaður, framkvæmdastjóri og gjaldkeri skipi framkvæmdastjórn líkt og áður. Samþykkt samhljóða.
6. Nefndaskipan.
  - a. Framkvæmdastjóri leggur áherslu á að nefndaskipan verði tekin til skoðunar. Það þarf að fá fleira fólk og hafa fleiri nefndir starfhæfar. Helstu nefndir sem grundvöllur er fyrir eru frjálsíþróttanefnd, unglíngalandsmótsnefnd, knattspyrnunefnd, borðtennisnefnd, badmintonnefnd, fræðslunefnd og sundnefnd.
  - b. Í takt við umræður í stefnumótunavinnu og á ársþingi þarf að horfa frekar til fræðslumála.
  - c. Framkvæmdastjóri mun senda út beiðni til aðildarfélaga um að tilnefna fólk í nefndir. Reyna þarf að fá fleiri inn í nefndastarfið ef mögulegt er. Stutt er í að virkja þurfi unglíngalandsmótsnefnd.

7. Vinnureglur stjórnar.
  - a. Úthlutun styrkja. Móta þarf reglur um styrkveitingar. Stjórn þarf að velta fyrir sér fyrirkomulagi hvað varðar fjárhæðir, úthlutunardagsetningar og svo framvegis. Frestað til næsta fundar.
  - b. Stutt er í að auglýsa þurfi eftir styrkjum í Landsmótssjóð. Edda ætlar að taka að sér að lagfæra eyðublað vegna umsóknar, þannig að umsóknirnar verði staðlaðar.
  - c. Vinnureglur stjórnar. Framkvæmdastjóri mun senda út drög að vinnureglum sem komin eru út úr stefnumótunarvinnunni á stjórnina, allir þurfa að lesa þetta yfir fyrir næsta fund.
8. Staða ULM umsóknar. Þorsteinn kynnti stöðu mála. Hann og Edda Kamilla sitja í undirbúningsnefnd umsóknarinnar fyrir hönd UMSE, Gísli Rúnar Gylfason og Margrét Víkingsdóttir fyrir hönd Dalvíkurbyggðar og Katrín Sigurjónsdóttir fyrir hönd Umf. Svarfdæla. Nefndin hefur hist tvisvar sinnum, gagnaöflun hefur gengið vel og umsóknin er komin í grófum dráttum en þó þarf að bæta við upplýsingum og lagfæra texta. Send verður inn glærुकyning með umsókninni og henni verður fylgt eftir með því að fulltrúar úr umsóknarnefndinni koma á fund UMFÍ. Umsóknarfrestur er til 30. apríl.
9. Hádegisverðarfundur með stjórn UMFÍ. Þorsteinn greindi frá því að stjórn UMFÍ fundaði í Bergi á Dalvík laugardaginn 29. mars síðastliðinn. Fulltrúar frá UMSE, Dalvíkurbyggð og íþróttafélögum í Dalvíkurbyggð fóru á fundinn, sem UMFÍ bauð til. Þar fóru fram óformlegar umræður um eitt og annað tengt íþróttamálum.
10. Fundur um landsmót 50+ 2014 á Dalvík 28. apríl. Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri landsmóts 50+ hefur óskað eftir aðstoð við að boða til fundar um mótið á Dalvík nú í lok mánaðarins. Þorsteinn mun hafa samband við nokkra aðila, markhópur þessa fundar er aldurinn 50-67 ára. Lagt fram bréf frá Sigurði til kynningar þar sem hann auglýsir dagskránnu á næsta landsmóti 50+, sem haldið verður á Húsavík í sumar.
11. Önnur mál. Félagsmálabíkarinn. Umf. Smárin fékk hann á síðasta ársþingi. Hins vegar er ekki pláss fyrir fleiri nöfn á bikarnum. Framkvæmdastjóra falið að kaupa nýjan bikar í svipuðum stíl og sá gamli.
12. Tilhögun næsta fundar. Næsti fundur ákveðinn 28. apríl kl. 18:00 í Búgarði. Þorsteinn kemur með veitingar.
13. Fundi slitið kl. 21:32.

Einar Hafliðason, fundarritari

---

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

---